



Reykjavík, 19. september 2024

MSS24090112

## TILLAGA

---

### Tillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um almenningssalerni í miðborginni

Lagt er til að íbúaráð Miðborg og Hlíða samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að fjölga almenningssalernum í miðborg Reykjavíkur.

Greinargerð:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða bendir á þörf þess að fjölga almenningssalernum í Miðborg, sér í lagi á vinsælum ferðamannastöðum. Borið hefur á því að fólk geri þarfir sínar í almenningsgörðum, bílastæðahúsum og einkagörðum á öllum tímum sólarhringsins. Bersýnilega skapar þetta ónæði, ólykt og óprifnað sem íbúar ættu ekki að þurfa að sætta sig við.

Fyrir liggja tillögur starfshóps um þjónustumarkmið um almenningssalerni í Reykjavík frá því í júlí 2016. Eru þar lagðar fram tillögur og markmið sem styðja við tillögu íbúaráðsins. Íbúaráðið bendir sérstaklega á að sjálfhreinsandi almenningssalerni, sem þekkjast víða erlendis, eru vel til þess fallin að ná markmiðinu um hrein og aðlaðandi almenningssalerni.



Reykjavík